


Nefndasvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir,  
skjalavörður  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 4. maí 2010  
Tilvísun: 2010040389AT/--

Persónuvernd vísar til tölvubrúfs nefndasviðs Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560. mál á 138. löggjafarþingi). Er meginmarkmið frumvarpsins að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð. Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið, en tekið skal fram að athugun hennar byggist eingöngu á sjónarmiðum sem liggja að baki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd vill einkum benda á tvennt:

### I.

Að skýrt komi fram hvort líta beri á greiðsluaðlögun einstaklinga sem réttarúræði sem flokka megi með þeim sem fjárhagsupplýsingastofur safna upplýsingum um og selja, sbr. reglugerð nr. 246/2001 og 45. gr. laga nr. 77/2000. Í dag selja slíkar stofur t.d. upplýsingar um árangurslaus fjárnám og nauðungarsölur. M.ö.o. þarf að vera skýrt hvort einstaklingar í greiðsluaðlögun eigi að fara á svonefndar vanskilaskrár.

### II.

Þá leggur stofnunin til að í 2. mgr. 6. gr. bætist við nýr málslíður. Það yrði 2. málslíður og myndi hljóða svo:

„Komi til þess skal veita skuldara fræðslu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000.“

### III.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
f.h. forstjóra



Alma Tryggvadóttir  
lögfræðingur